

Kortavelta erlendra ferðamanna í mars:

90% veltuaukning í ferðum með leiðsögn

Sprenging hefur orðið í þeirri tegund ferðaþjónustu sem býður skipulegar skoðunarferðir og er hún orðin stærsti einstaki útgjaldaliður erlendar kortaveltu hér á landi. Meðal slíkra ferða eru náttúruskoðunarferðir, hvalaskoðun, jöklaferðir og aðrar ferðir undir leiðsögn fararstjóra. Greiðslukortavelta erlendra ferðamanna í þessum útgjaldalið í mars var næstum 2,5 milljarðar kr., sem er 90% hærri upphæð en í sama mánuði í fyrra. Ef bornir eru saman þrír fyrstu mánuðir þessa árs við sömu mánuði í fyrra kemur í ljós að erlend kortavelta jókst í þessum þætti ferðaþjónustunnar um 83%. Sú veltuaukning helst í hendur við mikla aukningu í leyfisveitingum til handa þeim sem bjóða skipulagðar ferðir.

Alls nam erlend kortavelta í mars 9,7 milljörðum kr. sem er 41,6% hærri upphæð en í fyrra. Næsthæsti útgjaldaliður erlendra ferðamanna, á eftir ýmissi ferðaþjónustu, var gistiþjónusta sem nam 1,8 milljörðum í mars og er 42% hærri upphæð en í mars í fyrra.

Þriðji hæsti útgjaldaliðurinn er verslun. Erlendir ferðamenn keyptu vörur í verslunum með kortum sínum fyrir 1,2 milljarða kr. í mars sem er fjórðungsaukning frá mars í fyrra. Stærstur hluti þess er vegna kaupa á fatnaði, líklega aðallega íslenskum útivistarfatnaði.

Af öðrum útgjaldaliðum í kortaveltu erlendra ferðamanna má nefna að liðlega fjórðungsaukning var í veltu á veitingahúsum í mars í samanburði við mars í fyrra. Mikill vöxtur er áfram í veltu bílaleiga. Veltuaukning bílaleiga í mars var 48% frá sama mánuði í fyrra. Þá námu úttektir erlendra ferðamanna á reiðufé með kortum um 877 milljónum kr. eða 20% meira en í mars í fyrra.

Samanlögð kortavelta erlendra ferðamanna fyrstu þrjá mánuði þessa árs var 38% meiri en sömu þrjá mánuði í fyrra.

<i>mars</i>	2014 (millj. kr.)	2015 (millj. kr.)	12 mán. Breyting (%)
Alls	6.823	9.664	41,6
1 Gistiþjónusta	1.299	1.844	42,0
2 Veitingaþjónusta	783	985	25,8
3 Farþegaflutningar	286	330	15,2
4 Ýmis ferðaþjónusta	1.302	2.474	90,0
5 Bensín, viðgerðir og viðhald bifreiða	221	251	13,5
6 Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	557	814	46,3
7 Menningar-, afþreyingar og tómstundastarfsemi	146	198	35,6
8 Ýmis önnur þjónusta	510	650	27,6
9 Verslun	981	1.233	25,6
10 Opinber gjöld ofl.	9	8	-2,5
20 Úttektir á reiðufé	730	877	20,2

Talnaefni...

Kortavelta eftir þjóðernum

Ef miðað er við fjölda erlendra ferðamanna um Keflavíkurflugvöll greiddi hver þeirra að jafnaði með greiðslukorti sínu fyrir um 115 þús. kr. í mars. Það er 11,7% hærra upphæð en í mars í fyrra. Með því að leiðrétta þessa upphæð fyrir verðlagsbreytingum síðustu 12 mánaða nam hækkunin 9,9% á milli ára.


Ferðamenn frá Sviss keyptu að jafnaði fyrir hæstu upphæðir með greiðslukortum eða 264 þús. kr. á hvern ferðamann. Spánverjar fylgja þar fast á eftir með 211 þús. kr.

Velta eftir þjóðernum ræðst meðal annars af því hversu löng dvölin hér á landi er og hvort greitt hafi verið fyrir ferðina áður en komið er til landsins auk þess sem mismunandi er í hve miklum mæli ferðamenn greiða með greiðslukortum. Þá þarf að hafa í huga að tölur um fjölda ferðamanna um Keflavíkurflugvöll ná ekki til allra þeirra sem koma til landsins.

Í því talnaefni sem Rannsóknasetur verslunarinnar hefur yfir að ráða er nánar hægt að greina kortaveltu erlendra ferðamanna eftir útgjaldaliðum og þjóðerni.

<i>mars, 2015</i>	Meðalvelta á ferðamann (þús. kr.)
Alls	115
Bandaríkin	169
Bretland	60
Danmörk	148
Finnland	114
Frakkland	142
Holland	103
Ítalía	140
Japan	40
Kanada	135
Kína	61
Noregur	171
Pólland	48
Rússland	136
Spánn	211
Sviss	264
Svíþjóð	112
Þýskaland	113
Önnur lönd	151

Greiðslukortavelta á hvern erlendan ferðamann eftir mánuðum



Samanburður við tölur Seðlabankans um erlenda kortaveltu

Seðlabanki Íslands breytti nýverið aðferðafræði við úrvinnslu og birtingu á tölum um erlenda kortaveltu héraðs þannig að miðað er við kaupþímabil í stað uppgjörstímabila áður. Það er sama úrvinnsluaðferð og Rannsóknasetur verslunarinnar hefur viðhaft og ættu gögnin því nú að vera betur samanburðarhæf því veltutölur berast bæði til Seðlabankans og Rannsóknasetursins frá sömu innlendu færsluhirðum. Þrátt fyrir það kann að vera lítilsháttar munur á þeim samtölum sem Seðlabankinn og Rannsóknasetrið birtir. Sá munur skýrist af mismunandi forsendum og úrvinnslu færsluhirða á grunngögnum. Rannsóknasetrið vinnur sem stendur að því í samstarfi við færsluhirða að yfirfara og samræma úrvinnsluaðferðir.

Um kortaveltu ferðamanna

Rannsóknasetur verslunarinnar birtir mánaðarlega tölur um greiðslukortaveltu ferðamanna sundurliðaða eftir útgjaldaliðum og útgáfulandi korta. Gögnunum er enn fremur skipt eftir því hvort um er að ræða erlend eða innlend greiðslukort. Gögnin innihalda færslur bæði debet- og kreditkorta. Birtar eru upphæðir í íslenskum krónum ásamt hlutfallsbreytingum frá fyrri mánuði og sama mánuði fyrra árs.

Gögnin eru fengin frá innlendum færsluhirðingaraðilum, sundurliðuð eftir svonefndum MCC kóðum. MCC kóðarnir eru aftur greindir í flokka eftir því hvernig þeir eru taldir tengjast mismunandi greinum ferðaþjónustu. Gögnin lýsa kortaveltu eftir kaupþímabilum (almanaksmánuðum) en ekki eftir uppgjörstímabilum og er samtalan því eilítið frábrugðin þeim gögnum sem Seðlabankinn birtir.

Nánari upplýsingar veita Pálmar Þorsteinsson (palmar@bifrost.is, GSM 868 8578) og Emil B. Karlsson (emil@bifrost.is, GSM 822 1203)